


Skóli Ísaks Jónssonar

INNRAMAT Í SKÓLANUM

Skýrsla fyrir
skólaárið 2016-2017



Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
2. Markmið og tilgangur matsins	3
3. Aðferðir og framkvæmd matsins	3
4. Niðurstöður og stutt samantekt	4
5. Samantekt á helstu niðurstöðum	22
6. Lokaorð	23
7. Umbótaáætlun.....	23

Kynning á innra mati skólans 2016-2017

1. Inngangur

Í innramatsteymi skólans í ár eru: Sigríður Ágústa Skúladóttir kennari og teymisstjóri, Þóra Elísabet Kjeld kennari og verkefnastjóri, Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri.

Það var sameiginlegt mat okkar í teyminu að kanna líðan nemenda í skólanum. Við völdum að kanna líðan í kennslustundum, frímínútum, söng á sal ásamt fleiru. Við könnum viðhorf nemenda til náms í skólanum og heimanáms og hvort nemendur fái aðstoð við heimanámið. Þá koma spurningar eins og „Átt þú vin í skólanum, er vinnufriður í bekknum og hvort nemendur séu sáttir við matinn í skólanum.“ Við spyrjum um morgunmat nemenda áður en þeir mæta í skólann og þá hvað þeir borða. Þá leggjum við fyrir spurningu um svefntímann. Í lok könnunarinnar fá nemendur tækifæri til að bæta við ef það er eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri.

2. Markmið og tilgangur matsins

Eins og fram kemur í Almennum hluta aðalnámsskrár frá 2011 og greinargerð frá 2013 (2. útg. með breytingum 2015) frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en þar segir í grein 2.1.5. Heilbrigði og velferð. „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspilli einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.“ Þessu erum við alveg sammála og teljum að vellíðan barna í skólanum skipti verulegu máli m.a. fyrir góðan árangur í námi.

Með því að leggja könnun fyrir nemendur og kanna líðan þeirra getum við e.t.v. gert úrbætur ef niðurstaða hennar gefur til kynna að þeirra sé þörf.

Í umbótaáætlun skólans fyrir þetta skólaár er gert ráð fyrir þessari könnun.

Markmiðið er því að kanna líðan nemandans. Með slíkri könnun ætti að fást niðurstaða sem við getum notað til þess að bæta skólastarfið með tilliti til óska og þarfa nemandans.

3. Aðferðir og framkvæmd matsins


Könnunin á Líðan nemenda í Ísaksskóla var lögð fyrir í febrúar 2017. Upplýsingum var safnað frá nemendum með aðstoð foreldra þar sem nemendur eru á aldrinum 5-9 ára. Nemandafjöldi í skólanum eru 257. Átta til viðbótar eru utanskóla en þeir tóku ekki þátt í könnuninni. Fjöldi þeirra sem svaraði könnuninni voru 185 eða rúmlega 72%. Hlutfall eftir árgöngum var eftirfarandi. Af 34 nemendum í 9 ára bekk svöruðu 25 eða 74%. Í 8 ára bekkjunum eru 42 börn og 24 svöruðu eða 57%. Í 7 ára bekkjunum eru 54 nemendur og þar af svöruðu 43 eða 80%. Í 6 ára bekkjunum eru 61 nemandi og af þeim svöruðu 42 eða 69%. Í 5 ára bekkjunum eru 66 nemendur og 51 tók þátt í könnuninni eða 77%.

Rannsóknin var meginndleg þar sem lagðar voru 19 spurningar fyrir nemendur. Við hverja spurningu voru gefnir upp ólíkir möguleikar sem hægt var að haka við en einnig voru opnar spurningar þar sem nemendum gafst tækifæri á að tjá sig með orðum.

4. Niðurstöður og stutt samantekt

Q1 Vinsamlega merktu við kyn barnsins:

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Drengur	44.86%	83
Stúlka	55.14%	102
Total		185

Q1 Vinsamlegast merktu við kyn barnsins. Fjöldi drengja sem svaraði könnuninni var 44,86% og fjöldi stúlkna 55,14%. Allir svöruðu þessari spurningu af þeim sem tóku þátt í könnuninni eða 185 nemendur.

Q2 Vinsamlega veldu fæðingarár barnsins:

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
2007	13.51%	25
2008	12.97%	24
2009	23.24%	43
2010	22.70%	42
2011	27.57%	51
Total		185

Q2 **Vinsamlegast veldu fæðingarár barnsins.** 185 svöruðu. Mismikill fjöldi barna er í hverjum árgangi í skólanum eins og fram kom hér að framan. Af heildarfjöldanum var niðurstaðan því eftirfarandi. Í 9 ára bekkjunum svöruðu 25 nemendur eða 13,51%. Í 8 ára bekkjunum svöruðu 24 eða 12,97%. Það voru 23,24% sem svöruðu í 7 ára bekkjunum eða 43 nemendur. Í 6 ára bekkjunum svöruðu 42 eða 22,70% og í 5 ára bekknum 51 nemandi eða 27,58%.

Q3 Finnst þér gaman í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Mjög oft	48.11%	89
Oft	29.19%	54
Stundum	19.46%	36
Sjaldan	2.16%	4
Aldrei	1.08%	2
Total		185

Q3 Finnst þér gaman í skólanum? 185 svöruðu. Niðurstaða við svari þessarar spurningar var að þeir sem svöruðu oft eða mjög oft voru 77,3% eða 143 samtals. Þeir sem svöruðu stundum voru 19,46% eða 36, en þeir sem svöruðu að það væri sjaldan eða aldrei voru samtals 3,24% eða 6 nemendur. Langflestum nemendum þykir því gaman í skólanum.

Q4 Líður þér vel í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Mjög oft	44.32%	82
Oft	31.89%	59
Stundum	20.00%	37
Sjaldan	2.70%	5
Aldrei	1.08%	2
Total		185

Q4 Líður þér vel í skólanum? 185 svöruðu. Það voru 76,21% eða 141 nemandi sem líður mjög oft vel eða oft. Stundum sögðu 20% eða 37 nemendur. En sjaldan eða aldrei voru það 3,78% eða 7 nemendur. Samkvæmt þessu er líðan barna að langstærstum hluta góður í skólanum. E.t.v. þurfum við samt að skoða þennan þátt betur. T.d. með því að gera tengslakönnun í bekkjunum. Með því að gera slíka könnun kemur í ljós hvort einhverjir nemendur verða útundan félagslega og þá hægt að bregðast við því.

Q5 Kvíðir þú fyrir því að fara í skólann? (Ef barn skilur ekki orðið kvíði má spyrja: „Ertu hrædd/ur við að fara í skólann?“)

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses
Mjög oft	2.16% 4
Oft	2.16% 4
Stundum	9.73% 18
Sjaldan	12.97% 24
Aldrei	72.97% 135
Total	185

Q5 Kvíðir þú fyrir að fara í skólann? 185 svöruðu. Sjaldan eða aldrei sögðu 85,94% eða 159 nemendur. Stundum sögðu 9,73% eða 18 nemendur og oft eða mjög oft sögðu 4,32% eða 8 nemendur. Miklum meirihluta barna kvíðir því ekki að mæta í skólann. Hins vegar eru það of mörg börn sem segja stundum, oft eða mjög oft. Þetta er e.t.v. eitthvað sem við þurfum að athuga betur. Þyrí sérkennari hefur verið að sinna börnum með kvíða og hjálpa mörgum nemendum við að efla félagslega færni. Sjá nánar í samantekt.

Q6 Hvernig líður þér í kennslustundum í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Vel	82.16%	152
Í meðallagi	15.68%	29
Illa	2.16%	4
Total		185

Q6 Hvernig líður þér í kennslustundum í skólanum? 185 svöruðu. Vel sögðu 82,16% nemenda eða 152, í meðallagi sögðu 15,68% eða 29 nemendur en illa sögðu 2,16% barnanna eða 4. Samkvæmt þessu líður stærstum hluta nemenda vel í kennslustundum.

Q7 Hvernig líður þér í frímínútum í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Vel	68.11%	126
Í meðallagi	28.65%	53
Illa	3.24%	6
Total		185

Q7 Hvernig líður þér í frímínútum í skólanum? 185 svöruðu. 68,11% barna segja vel eða 126 börn, 28,65% nemenda segja í meðallagi vel eða 53 en illa segja 3,26% barnanna eða 6 nemendur. Miðað við þessa niðurstöðu líður stærstum hluta nemenda vel í frímínútum. Hins vegar eru frímínútur afþreyingarstund og við teljum þetta of lágt hlutfall nemenda sem líður vel. Við verðum að finna leiðir til þess að bregðast við þessu og fá kennara og starfsmenn í lið með okkur.

Q8 Hvernig líður þér í söng á sal í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Vel	72.43%	134
Í meðallagi	23.78%	44
Illa	3.78%	7
Total		185

Q8 Hvernig líður þér í söng á sal í skólanum? 185 svöruðu. 74,43% líður vel eða 134 nemendum, 23,78% nemenda líður í meðallagi vel eða 44 en 3,78% barna líður illa eða 7 nemendum. Til þess að nemendur séu virkir þátttakendur í söng á sal verða kennarar að vera duglegir að kenna nemendum lögin sem sungin eru það gerir börnin öruggari. E.t.v. þarf eitthvað fleira að koma til en þetta er hægt að ræða á kennarafundi og fá álit fleiri aðila.

Q9 Finnst þér gaman að læra í skólanum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Mjög oft	52.97%	98
Oft	28.11%	52
Stundum	13.51%	25
Sjaldan	3.78%	7
Aldrei	1.62%	3
Total		185

Q9 Finnst þér gaman að læra í skólanum? 185 svöruðu. Mjög oft og oft sögðu 80% eða 148 nemendur. Stundum sögðu 15,14% eða 28 nemendur en sjaldan eða aldrei sögðu 4,86% eða 9 nemendur. Stærsti hluti nemenda er því jákvæður gagnvart náminu í skólanum. Hins vegar eru nokkrir mjög neikvæðir. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því og e.t.v. ekki hægt að skilgreina þær. En það sem kennarar þurfa að passa upp á er að námið sé við hæfi hvers nemanda og kennsluaðferðir fjölbreyttar.

Q10 Ertu dugleg/ur að sinna heimanámi/læra heima?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Mjög oft	52.97%	98
Oft	27.03%	50
Stundum	15.14%	28
Sjaldan	2.16%	4
Aldrei	2.70%	5
Total		185

Q10 Ertu dugleg/ur að sinna heimanámi/læra heima? 185 svöruðu. 80% sögðu mjög oft eða oft eða 148 nemendur. Stundum sögðu 15,14% eða 28 nemendur en sjaldan eða aldrei sögðu 4,86% eða 9 nemendur. Það er greinilegt að nemendur eru almennt mjög jákvæðir gagnvart heimanáminu.

Q11 Færð þú hjálp við heimanám frá foreldrum eða öðrum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Já, frá foreldrum	92.97%	172
Já, frá öðrum	1.08%	2
Nei	5.95%	11
Total		185

Q11 Færð þú hjálp við heimanám frá foreldrum eða öðrum? 185 svöruðu. 92,97% nemenda fá hjálp frá foreldrum eða 172. 1,08% frá öðrum eða 2 en 5,95% nemenda fá ekki aðstoð við heimanámið eða 11 nemendur. Þessi niðurstaða er því mjög jákvæð því það er einnig hægt að gera ráð fyrir því að sumir nemendur þurfi hreinlega ekki aðstoð við heimanámið.

Q12 Er vinnufriður í bekknum?

Answered: 185 Skipped: 0




Answer Choices	Responses	
Mjög oft	12.43%	23
Oft	28.65%	53
Stundum	38.38%	71
Sjaldan	19.46%	36
Aldrei	1.08%	2
Total		185

Q12 Er vinnufriður í bekknum? 185 svöruðu. 41,08% telja að mjög oft eða oft sé vinnufriður eða 76 nemendur. Stundum segja 38,38% nemenda eða 71 og sjaldan eða aldrei segja eða 20,54% eða 38 nemendur. Þetta er greinilega eitthvað sem skoða þarf betur. Er ekki nógur agi inni í sumum bekkjum? Þetta þarf að ræða á næsta kennarafundi og reyna að finna lausnir.

Q13 Áttu vin/vinkonu í skólanum?


Answered: 185 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Já	97.30%	180
Nei	2.70%	5
Total		185

Q13 Áttu vin/vinkonu í skólanum? 185 svöruðu. Já sögðu 97,30% barnanna eða 180 börn, en nei sögðu 2,70% barnanna eða 5. Jákvæð niðurstaða en ef til vill hægt að skoða betur hvaða nemendur verða útundan og reyna að virkja þá. Hér kemur tengslakönnun innan bekkjar sterk inn.

Q14 Ef þú ert í mataráskrift, ert þú sátt/ur við matinn í skólanum?



Answer Choices	Responses	
Já	85.41%	158
Nei	14.59%	27
Total		185

Q14 Ef þú ert í mataráskrift, ert þú sátt/ur við matinn í skólanum? 185 svöruðu. 85,41% sögðust vera í mataráskrift eða 158 en nei sögðu 14,59% eða 27 nemendur. Þessa spurningu þarf að laga næst þegar þetta verður lagt fyrir. Hér eru tvær spurningar í einni. Við vitum ekki fjölda þeirra sem eru ánægðir með matinn og þeirra sem eru óánægðir.

Q15 Ef þú ert ekki sátt/ur við matinn í skólanum, hverju finnst þér að þurfi að breyta? Alls voru það 65 sem gerðu athugasemdir eða komu með uppástungur í sambandi við hádegismatinn í skólanum. En það voru 120 sem slepptu því að svara. (Getum reiknað með því að þessir 120 nemendur séu ánægðir með matinn.)


Helstu athugasemdirnar voru:

- Að fiskur væri of oft í matinn og að hann væri ekki alltaf góður.
- Margir nefndu að fiskurinn væri stundum í skráttinni sósu.
- Bjóða megi upp á tómatsósu með fiskinum.
- Nokkrir nefndu að þeir vildu hafa pasta oftari, grjónagraut og steiktan fisk.
- Einn nefndi að það vantaði meira af venjulegum heimilismat.
- Annar stakk upp á að boðið væri upp á lambalæri.
- Stundum fannst krökkunum maturinn of sterkur.
- Maturinn væri stundum góður og stundum ekki.
- Einhverjir töluðu um að þeir fengju ekki nóg að borða, líka þeir sem eru með mjólkuróþol.

Nokkuð mismunandi skoðanir voru á matnum í skólanum en þó voru margir sammála um að fiskur væri of oft í matinn og hann ekki góður. Það má e.t.v. skoða þessar niðurstöður betur því einhvern vegin verðum við að bregðast við til þess að koma til móts við börnin.

Q16 Borðar þú morgunmat áður en þú kemur í skólann?

Answered: 185 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Já	92.43%	171
Nei	7.57%	14
Total		185

Q16 **Borðar þú morgunmat áður en þú kemur í skólann?** 185 svöruðu. 92,43% svöruðu já eða 171 nemandi en nei sögðu 7,57% eða 14 nemendur. Nánast allir borða því morgunmat áður en þeir fara í skólann.

Q17 Ef þú borðar morgunmat áður en þú kemur í skólann, hvað borðar þú helst?

Það voru 161 sem svöruðu þessu en 24 sem slepptu að svara.

Helstu niðurstöður og allflestir borðuð eitthvað að neðangreindu:

Cherrios, Kornflex, Special K, Weata-bix, Musli

Hafragraut

Ristað brauð

AB mjólk, þykkmjólk, jógúrt, skyr, súrmjólk, gríska jógúrt


Búst

Ávaxtasafa, gulrótardjús

Banana.

Q18 Hvenær ferð þú oftast að sofa á kvöldin á virkum dögum?

Answered: 185 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Klukkan sjö (19:00)	2.16%	4
Klukkan átta (20:00)	43.24%	80
Klukkan níu (21:00)	47.03%	87
Klukkan tíu (22:00) eða seinna	7.57%	14
Total		185

Q18 Hvenær ferð þú að sofa á kvöldin á virkum dögum? 185 svöruðu .

Kl. 19:00 eru það 2,16% nemenda sem fara að sofa eða 4

Kl. 20:00 eru það 43,24% eða 80 nemendur

Kl. 21:00 eru það 47,03% eða 87 nemendur

Kl. 22 eða seinna eru 7,57% eða 14 nemendur.

Við getum brugðist við þessu með því að senda foreldrum upplýsingar um svefntíma og svefnþarfir barna.

Q19 Er eitthvað annað sem þig langar að taka fram? Endilega skráðu það hér að neðan. Það voru 61 nemandi sem svöruðu en 124 sem slepptu því að svara.

Það sem helst kom fram:

- Spurning 10 og 11 varðandi heimanám á ekki við 5 ára nemendur. Þurfum að endurskoða þær.
- Nokkrum starfsmönnum var hrósað
- Nokkrir starfsmenn þóttu of strangir
- Mjög margir voru ánægðir með skólann og nokkrir sögðu að þetta væri besti skóli í heimi
- Vantar fleiri leiktæki á skólalóð t.d. rólur og gras á fótboltavöllinn
- Kvartað undan ákveðnum nemendum og stríðni í frímínútum
- Gaman í leikfimi, gæslunni (Sólbrekku), frjálsum tímum og heimilisfræði.
- Að þeir sem sjá um gæsluna í frímínútum eigi að vera ákveðnari við óþekku krakkana.
- Kvartað undan að sumir í gæslunni úti séu oft í símanum
- Gæslumenn í frímínútum mættu stjórna leikjum
- Kvarta undan að fá ekki að fara á klósettið í frímínútum
- Gæslufrímínútur of langar
- Gaman að svara þessum spurningum
- Finnst vanta meiri tíma til þess að borða nestið
- Leyfa börnunum að koma með dót á föstudögum
- Vilja hraðari innlögn á bókstöfunum, meiri lestur og stærðfræði strax
- Foreldrar virða það ekki að fara í röð á morgnana, stundum jafnvel 2 börn í röðinni
- Pollagallar leiðinlegir
- Vilja fá pítsu og spakhetti í matinn.

Þessar niðurstöður þurfum við að skoða vel. Alltaf hægt að gera betur.

5. Samantekt á helstu niðurstöðum

Til viðbótar því sem talið var upp hér að framan eða við spurningu Q19 þurfum við að skoða þá hluti sem fram komu í öðrum spurningum.

Það er ánægjulegt að sjá að langflestum nemendum þykir gaman í skólanum, líður vel þar, kvíða því ekki að mæta í skólann og eiga vin eða vini í skólanum. Það eru þó nokkrir

nemendur sem eru neikvæðir gagnvart skólanum eða á bilinu 6-9. Þeir segja að þeim líði ekki vel, kvíða því að mæta í skólann og eru neikvæðir gagnvart náminu. Við vitum að það eru nokkur börn í skólanum sem haldin eru kvíða og vanlíðan. Slíkt getur stafað af ýmsum orsökum og ekki er eingöngu hægt að yfirfæra það á skólann. Hins vegar er mikið starf í gangi í til þess að koma til móts við börn sem þjást af kvíða og reynt er að auka félagsfærni margra nemenda. Á síðasta skólaári tók þyrí sérkennari að sér að sinna 17 drengjum og 14 stúlkum til þess að auka félagsfærni þeirra og auka almenna vellíðan þeirra. Í ár hefur hún verið að vinna með 28 nemendur og enn er skólaárið ekki á enda. Þó að hlutfall þeirra barna sé ekki hátt sem voru neikvæðir gagnvart náminu, skólanum og kvíðnir þá er nauðsynlegt að skólinn geri sitt besta fyrir þessa nemendur.

Öflug sérkennsla er í skólanum fyrir þá nemendur sem standa námslega höllum fæti. Kennarar eru duglegir við að biðja um aðstoð ef þeir telja þörf á og henni er vel sinnt. Einnig má geta þess að komið er til við móts við þau börn sem eru tví- eða þrítyngd með sérkennslu.

Flestir nemendur eru jákvæðir gagnvart heimanáminu og fá aðstoð við það.

Þar sem spurt var um hvort vinnufriður sé í bekknum þá virðist honum nokkuð ábótavant skv. nemendum. Þetta er eitthvað sem kennarar þurfa að ræða og skoða.

Flestir nemendur borða morgunmat áður en þeir mæta í skólann og fara að sofa á skikkanlegum tíma. Þó eru það nokkrir sem borða ekki morgunmat og fara of seint að sofa eða eftir kl. 22:00 á kvöldin. Þetta er e.t.v. eitthvað sem hjúkrunarfræðingur skólans getur frætt foreldra um þ.e. svefnþarfir barna og næringu.

6. Lokaorð

Viðunandi fjöldi sem þátt tók í könnuninni um líðan nemenda í skólanum eða um 72% nemenda. Ýmsar góðar ábendingar hafa komið fram hjá nemendum varðandi þær spurningar sem lagðar voru fyrir þau. Við munum leitast við eftir bestu getu að koma til móts við þær.

7. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans er að finna á heimasíðu skólans un liðnum [Áætlanir](#).

F.h. Innra-mats teymis,
Sigríður Ágústa Skúladóttir